

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Linnestíg 3, 220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 3. febrúar 2015

Erindi: Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir upplýsingum um framtíðarsýn fræðsluráðs varðandi inntökualdur barna á leikskóla Hafnarfjarðar

Í upphafi viljum við taka fram að foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar harmar þá ákvöðun fræðsluráðs að loka Leikskólanum Bjarma vegna tímabundinnar fækkunnar leikskólabarna og telur að þar sé um ákveðinn skort á framtíðarsýn að ræða og mikill missir verði af því góða starfi sem þar hefur verið byggt upp undanfarin ár. Einnig hefur á leikskólanum verið hátt hlutfall fagfólks og því tekin viss áhætta á því að missa fagfólkið úr bænnum með því að loka vinnustaðnum. Í kjölfarið óskum við eftir upplýsingum varðandi það hvort og þá hvaða aðgerðir eru áætlaðar til frekari niðurskurðar á leikskólastiginu?

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar einnig eftir nánari útlistun á framtíðarsýn fræðsluráðs Hafnarfjarðar varðandi inntökualdur leikskólabarna. Foreldraráðið hefði kosið að fækkun leikskólabarna næsta haust hefði verið nýtt til þess að taka næstu skref í átt að því að lækka inntökualdur leikskólabarna en ekki það skref afturábak sem ákveðið hefur verið að taka með því að færa inntökualdur aftur nær 2 ára aldri, það skapar einnig nokkuð ósætti og misskilning að yngstu börn sem hafi verið innrituð á leikskólabæjarins haustið 2014 hafi verið 18 mánaða en nú standi til að færa þann aldur aftur nær 2 ára næstkomandi haust. Foreldraráð óskar því eftir upplýsingum um það hvernig framtíðarsýn sitjandi fræðsluráðs sé varðandi inntökualdur leikskólabarna á næstu árum?

Við óskum einnig eftir upplýsingum um það hvort gert hafi verið ráð fyrir auknu álagi á dagforeldra bæjarins og því hvort nægilegur fjöldi dagforeldra sé yfir höfuð starfandi innan bæjarfélagsins til að anna auknum fjölda barna sem mun þurfa að leita til dagforeldra vegna hækkaðs inntökualdurs? Eða hvort einhverjar slíkar aðgerðir séu á döfinni?

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum á næsta fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Virðingarfyllst,

Helga Hrönn Óskarsdóttir

Formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar